



# HRUNAMANNAHREPPUR

33. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR  
KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

## 20. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 16. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 17:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnhilsur S. Eypórsdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

1. **Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 6. fundar frá 30. október sl.**

Lögð fram fundargerð 6. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

*Fulltrúar L-listans lögðu fram eftirfarandi bókun:*

*L-listinn hvetur til að vinna við endurskoðanir á gjaldskrá og vinnu við fjárhagsáætlun stofnanna sveitarfélagsins sé unnin fyrst með forstöðumönnum stofnanna áður en hún er lögð er lögð fyrir nefndir og sveitarstjórn. Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

2. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 30. október 2023.**

Lögð fram fundargerð 9. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn hvetur íbúa til að taka þátt í landsátakinu „Syndum“ sem fram fer í nóvember.*

3. **Ungmennaráð: Fundargerð 1. fundar frá 1. nóvember 2023.**

Lögð fram fundargerð 1. fundar Ungmennaráðs.

*Sveitarstjórn fagnar því að Ungmennaráð sé aftur fullmannað og að það hafi tekið til starfa. Sveitarstjórn hlakkar til samstarfsins næstu misserin og fyrsta sameiginlega fundar ungmennaráðs og sveitarstjórnar sem haldinn yrði á vormánuðum.*

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

4. **Veitustjórn: Fundargerð 10. fundar frá 8. nóvember 2023.**

Lögð fram fundargerð 10. fundar Veitustjórnar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

5. **Fundargerð 269. fundar skipulagsnefndar frá 8. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 269. fundar skipulagsnefndar frá 8. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. nóvember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 16. Þverlág 8: Þakhalli; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn frá Marian-Stefan Stroe er varðar breytingu á skilmálum deiliskipulags Heiðarbyggðar í Hrunamannahreppi. Um er að ræða breytingu sem tekur til lágmarkspakhalla innan svæðisins. Núverandi heimildir deiliskipulags gera ráð fyrir 14-45° þakhalla, eftir breytingu verði hann 0-45°.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem fyrir eru hús innan svæðisins sem eru með þakhalla undir 14° er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem fyrir eru hús innan svæðisins sem eru með þakhalla undir 14° er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

**Mál nr. 17. Kluftir: Kluftir 2; Stofnun lóðar.**

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar úr jörðinni Kluftir L166791 í Hrunamannahreppi. Um er að ræða 1.320,91 fm lóð, umhverfis þegar byggt íbúðarhús, sem óskað er eftir að fái staðfangið Kluftir 2.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið með fyrirvara um lagfært lóðablað.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfært lóðablað.*

**Mál nr. 18. Birtingaholt 3 land: Byggingarleyfi; breytt notkun í gistihús og viðbyggingu.**

Móttækin er umsókn þ. 03.11.2023 um byggingarleyfi fyrir að breyta notkun á íbúðarhúsi í gistihús ásamt því að byggja við það. Heildarstærð verður 171 m<sup>2</sup> á lóðinni Birtingaholt 3 L174000 í Hrunamannahreppi.

Að mati skipulagsnefndar er breytt notkun hússins innan heimilda aðalskipulags er varðar aðra starfsemi á landbúnaðarlandi innan jarða þar sem er föst búseta. Mælist nefndin til þess að breytt notkun húss og stækkun þess verði grenndarkynnt á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að breytt notkun húss og stækkun þess verði grenndarkynnt á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Mál nr. 19. Gata: Brekkuhlíð; Stofnun lóðar.**

Lagt er fram lóðablað sem sýnir hnitsetta afmörkun lóðarinnar Gata Stöðull L187731 þar sem óskað er eftir samþykki sveitarfélagsins fyrir afmörkuninni. Við stofnun lóðarinnar Brekkuhlíð úr landi Götu L166750 kom athugasemd frá sýslumannsembættinu vegna þinglýstra gagna fyrir L187731 sem skv. eignaskiptasamningi frá 25. nóvember 1999 er óskipt sameign eigenda jarðarinnar Götu. Til að hægt sé að staðfesta stofnun Brekkuhlíðar þá hefur sýslumaður farið fram á að fá til sín m.a. skilgreinda afmörkun L187731 sem ekki hefur legið fyrir áður. Lóðin mælist 4.221 fm skv. meðfylgjandi mæliblaði og er í samræmi við skráða stærð í fasteignaskrá. Fyrir liggur samþykki eigenda lóðarinnar og jarðarinnar Götu L166750.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir afmörkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn.*

**Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. nóvember sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. nóvember sl.

**6. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 6. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**7. Fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls: Fundargerð 1. fundar frá 31. október. sl.**

Lögð fram fundargerð 1. fundar fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

*Sveitarstjórn hvetur til að greiðsluþátttaka notenda vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra verði skoðuð betur, ásamt því að settar verði skýrar reglur um nýtingu hennar. Að öðru leyti staðfestir sveitarstjórn fundargerðina.*

**8. Seyrustjórn: Fundargerð 12. fundar stjórnar frá 30. október sl.**

Lögð fram fundargerð 12. fundar Seyrustjórnar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**9. SASS: Fundargerð 601. fundar stjórnar frá 6. október sl.**

Lögð fram fundargerð 601. fundar stjórnar SASS.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**10. SASS: Fundargerð 602. fundar stjórnar frá 25. október sl.**

Lögð fram fundargerð 602. fundar stjórnar SASS.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**11. SASS: Fundargerð 603. fundar stjórnar frá 10. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 603. fundar stjórnar SASS.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**12. Héraðsnefnd Árneshvíls: Fundargerð 31. fundar frá 10. október sl.**

Lögð fram fundargerð 31. fundar Héraðsnefndar Árneshvíls.

*Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Um leið fagnar sveitarstjórn því að upphaf byggingar tækjageymslu (björgunarmiðstöðvar/slökkvistöðvar) á Flúðum skuli nú vera í auglýsingu með framlagi til að hefja undirbúning verksins, lokahönnun, jarðvegsvinnu og gerð sökkla á árinu 2024.*

**13. Héraðsnefnd Árneshvíls: Fundargerð 15. fundar framkvæmdastjórnar frá 2.10. sl.**

Lögð fram fundargerð 15. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneshvíls.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**14. Héraðsskjalasafn Árneshvíls: Fundargerð frá 10. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð Héraðsskjalasafns Árneshvíls. Ásamt tölvupósti frá formanni framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneshvíls.

*Sveitarstjórn staðfestir húsaleigusamninginn milli Héraðsskjalasafns Árneshvíls og Sveitarfélagsins Árborgar.*

**15. SOS: Fundargerð aðalfundar frá 27. október 2023.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar en einnig verður fundargerðin send til Umhverfisnefndar til kynningar.*

**16. Svæðisskipulag Suðrhálendis: Fundargerð 26. fundar frá 25. október sl.**

Lögð fram fundargerð 26. fundar Svæðisskipulags Suðrhálendis.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar en einnig verður fundargerðin send til Afréttarmálanefndar til umfjöllunar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**17. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 9. nóv. 2023.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 71. mál, samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir.

*Lagt fram til kynningar.*

**18. Bréf frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu frá 10. nóvember 2023.**

Lagt fram bréf frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu þar sem sveitarfélög eru hvött til að kynna sér vel efni grænbókar í málefnum innflytjenda og flóttafólks sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda.

*Lagt fram til kynningar.*

**19. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 2. nóvember 2023.**

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir samstarfi við Hrunamannahrepp vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarvæðið Kerlingarfjöll. Óskað er eftir að Hrunamannahreppur tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um gerð áætlunarinnar.

*Sveitarstjórn samþykkir að Jón Bjarnason, oddviti, verði fulltrúi sveitarfélagsins í samstarfshópnum.*

**20. Bréf frá Jafnréttisstofu frá 10. nóvember 2023.**

Lagt fram bréf frá Jafnréttisstofu með ábendingu um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla.

*Sveitarstjórn hefur ekki lagt mat á þau atriði sem spurt er um í erindi Jafnréttisstofu. Vinnutími Leikskólans Undralands á Flúðum hefur að mestu verið aðlagður að starfstíma Flúðaskóla. Einnig var við síðustu fjárhagsáætlunargerð, fyrir rúmu ári síðan, ákveðið að taka upp þá stefnu að veita öllum börnum 6 tíma gjaldfrjálsa á leikskólanum. Gjaldið fyrir annars vegar 7 tíma vistunina og hins vegar 8 tíma er afar lágt og harla hæpið að það eitt og sér verði til þess að raska á einhvern hátt stöðu kynjanna í sveitarfélaginu. Rétt er að geta þess hér til upplýsingar að árið 2023 er greitt kr. 6.000,- fyrir vistun í 7 klukkustundir en kr. 14.000,- fyrir vistun í 8 klukkustundir á mánuði. Er þessi lága greiðsla í takt við stefnu sveitarstjórnar um að Hrunamannahreppur bjóði barnafjölskyldum í sveitarfélaginu eins góð skilyrði og kostur er.*

**21. Nýjar samþykktir fyrir Sorpstöð Suðurlands – fyrri umræða**

Lagðar fram til fyrri umræðu nýjar samþykktir fyrir Sorpstöð Suðurlands sem kynntar voru og samþykktar á nýliðnum aðalfundi SOS í Vík.

*Sveitarstjórn vísar nýjum samþykktum fyrir Sorpstöð Suðurlands til síðari umræðu.*

## 22. **Bréf frá Markaðsstofu Suðurlands frá 7. nóvember 2023.**

Lagt fram bréf frá Markaðsstofu Suðurlands varðandi framlengingu á samstarfssamningi. En þess er farið á leit að samningurinn verði endurnýjaður óbreyttur, sem svarar 430 krónum á hvern íbúa til næstu 3ja ára. Markaðsstofa Suðurlands vinnur að ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu áfangastaðarins Suðurlands í heild. Þá óskar Markaðsstofan eftir því að fá að gera frekari grein fyrir starfseminni í formi kynningar fyrir fulltrúum sveitarfélagsins, ásamt því að kynna ný uppfærða áfangastaðaaætlun Suðurlands.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn og væntir góðs af samstarfi við starfsmenn Markaðsstofunnar á næsta ári. Fulltrúar hennar munu hitta sveitarstjórn Hrunamannahrepps og fá kynningu á starfseminni á fundi sveitarstjórnar í desember. Samningurinn verður einnig sendur til kynningar í Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd.*

## 23. **Minnisblað vegna fjallaskála á Hrunamannafrétti.**

Lagt fram minnisblað vegna leigusamnings um fjallaskála á Hrunamannafrétti með drögum að þeim hugmyndum sem uppi eru milli fulltrúa Hrunamannahrepps og fulltrúa Kerlingarfjalla ehf.

*Sveitarstjórn samþykkir þær forsendur fyrir samningi sem þarna koma fram. Sveitarstjórn felur oddvita, sveitarstjóra og formanni Afréttarmálanefndar að ganga frá endanlegum samningi og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Einnig samþykkir sveitarstjórn að minnisblaðið verði sent til Afréttarmálanefndar.*

## 24. **Minnisblað varðandi yfirdráttarheimild í Arion banka.**

Lagt fram minnisblað varðandi yfirdráttarheimild í Arion banka. Samkvæmt reglum óskar Arion banki eftir árlegri staðfestingu sveitarstjórnar á yfirdráttarheimild í bankanum.

*Sveitarstjórn samþykkir að samið verði um 200 m.kr. yfirdrátt í Arionbanka sem eingöngu yrði nýttur mjög tímabundið ef og þegar á þarf að halda. Ekki þarf að greiða fyrir heimild þessa nema ef/þegar hún er n*

## 25. **Niðurstaða auglýsingar vegna lóða við Reynihlíð.**

Lagt fram minnisblað varðandi niðurstöðu auglýsingar vegna lóða við Reynihlíð og Víðihlíð. Eitt tilboð barst frá Torfa G. Ingvasyni sem hyggur á uppbyggingu þar sem byggt verður á samspili gróðurhúsa og ferðatengdrar þjónustu.

*Sveitarstjórn samþykkir að hefja viðræður við Torfa G. Ingvason og bjóða honum til fundar við sveitarstjórn í byrjun desember þar sem nánar yrði farið yfir þau áform sem hann hefur varðandi reitinn.*

## 26. **Lóðaumsóknir**

Fyrir fundinum liggja 7 umsóknir um lóðina Birkihlíð 12-16. Útdráttur á milli umsækjenda skilaði eftirfarandi niðurstöðu:

Pittore ehf

Til vara:  
Bogadalur ehf  
Axarfjall ehf

Fyrir fundinum liggur 1 umsókn um lóðina Birkihlíð 6.

Þil Timbureiningar ehf.

Jón Bjarnason og Aldís Hafsteinsdóttir viku af fundi undir þessum lið og Sigfríð Lárusdóttir tók sæti í stað Jóns Bjarnasonar.  
Bjarney Vignisdóttir tók við fundarstjórn.

**27. Tillaga frá L-listanum um breytingu á vísitöluhækkunum launa oddvita og sveitarstjóra Hrunamannahrepps frá 13. nóvember 2023.**

Lögð fram tillaga frá L-listanum um að gerð verði breyting á vísitölu hækkun launa oddvita og sveitarstjóra Hrunamannahrepps. Breytingin felst í því að launin hækki um sömu prósentu og þingfararkaup líkt og almennir sveitarstjórnarfulltrúar. Launin muni því hækka um 2,5% 1. janúar n.k. í stað þess að fylgja launavísitölu.

*Fulltrúar D-lista hafna tillögunni en komi til aðgerða í anda þjóðarsáttar við kjarasamingagerð í vor mun meirihluti sveitarstjórnar ásamt sveitarstjóra taka þátt í þeim til að liðka fyrir kjarasamningagerð.*

Aldís og Jón tóku aftur sæti á fundinum og Sigfríð vék af fundi.

**28. Jarðhræringar í og við Grindavík.**

*Sveitarstjórn sendir öllum Grindvíkingum hlýjar kveðjur á þessum erfiða og ófyrirsjáanlega tíma. Hamfarir eins og Grindvíkingar hafa upplifað snerta alla þjóðina og á tímum sem þessum slá hjörtu Íslendinga sem eitt. Hrunamannahreppur er reiðubúinn til að veita alla þá þjónustu og aðstoð sem möguleg er og við bjóðum öll velkomin sem á þurfa að halda í sveitarfélagið okkar. Einhverjir eru væntanlega þegar komnir og aðrir á leiðinni í hin fjölmörgu sumarhús sem hér eru sem og í annað húsnæði.*

*Grunn- og leikskóli getur tekið á móti börnum og þegar hafa einhverjir hafið skólagöngu hér. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að Grindvíkingar fái ókeypis aðgang að sundlaug og íþróttamannvirkjum. Sveitarstjórn mun einnig bregðast við búsetu í frístundabyggð með þeim hætti að hún verði Grindvíkingum möguleg í vetur. Við viljum öll hjálpa og munum bregðast við þeim þörfum sem kunna að skapast.*

**Fjárhagsleg málefni:**

**29. Ákvörðun um útsvarsprósentu 2024 og aðrar álagningarforsendur.**

Lögð fram tillaga að álagningarprósentu útsvars og tillaga að álagningarhlutfalli fasteignagjalda.

*Sveitarstjórn samþykkir að álagningarprósenta útsvars árið 2024 verði 14,74% eins og verið hefur.*

*Sveitarstjórn frestar ákvörðun um álagningarprósentu fasteignagjalda til síðari umræðu.*

*Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki að jafnaði um sem nemur hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðna 12 mánuði eða um 8%. Með örfáum undantekningum eins og þeirri að árskort í íþróttamannvirki hækka ekki á milli ára og eru þar heilsueflandi sjónarmið höfð að leiðarljósi.*

*Áfram verður gjaldfrjálst fyrir öll börn á grunnskólaaldri, búsett í sveitarfélaginu, að sundlauginni, tækjasal (þau sem hafa aldur til) og íþróttahúsinu (opnir tímar). Einnig mun frístundastyrkur nú ná til barna frá 0-18 ára aldurs og er það von sveitarstjórnar að það muni vekja ánægju foreldra yngstu barnanna.*

*Sveitarstjórn mun ræða tillögur að þeim gjaldskrá sem hér hafa verið ræddar betur á milli umræðna en nefndir sveitarfélagsins hafa þegar fjallað um allar gjaldskrár sem undir þær heyra eða munu gera það á milli umræðna.*

**30. Gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða, fyrri umræða.**

Lögð fram gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2024

*Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til seinni umræðu.*

**31. Gjaldskrá fráveitu, fyrri umræða.**

Lögð fram gjaldskrá fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi fyrir árið 2024.

*Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til seinni umræðu.*

**32. Gjaldskrá vatnsveitu, fyrri umræða.**

Lögð fram gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2024.

*Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til seinni umræðu.*

**33. Gjaldskrá Hrunaljóss, fyrri umræða.**

Lögð fram gjaldskrá Hrunaljóss fyrir árið 2024.

*Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til seinni umræðu.*

**34. Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs, fyrri umræða.**

Lögð fram gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi fyrir árið 2024.

*Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til seinni umræðu.*

**35. Áætlun um fjárfestingar 2024 ásamt þriggja ára áætlun, fyrri umræða.**

Lögð fram áætlun um fjárfestingar 2024 ásamt þriggja ára áætlun árána 2025 – 2027.

*Sveitarstjórn vísar áætlun um fjárfestingar til síðari umræðu.*

**36. Fjárhagsáætlun 2024 ásamt þriggja ára áætlun, fyrri umræða.**

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps vegna ársins 2024, til fyrri umræðu ásamt drögum að þriggja ára áætlun árána 2025 – 2027. Síðari umræða fjárhagsáætlunar mun fara fram í desember 2024.

Lagt er upp með ábyrgan rekstur í vaxandi sveitarfélagi um leið og unnið er að því að þjónusta við íbúa sé eins góð og kostur er og taki mið af síbreytilegum kröfum þróttmikils sveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2024 sem og þriggja ára áætlun árána 2025-2027 til síðari umræðu en þar verður jafnframt gert grein fyrir einstökum liðum fjárhagsáætlunar og fjárfestinga.

**Verfundargerðir:**

**37. Byggð á Bríkum: Verfundargerð 14. og 15. fundar.**

*Fundargerðirnar samþykktar.*

**38. Flúðaskóli, endurnýjun þaks o.fl.: Verfundargerð 13. fundar.**

*Fundargerðin samþykkt.*

**Mál til kynningar:**

**39. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 936. fundar stjórnar frá 27.10.2023.**

*Lagt fram til kynningar.*

**40. Flúðaorka ehf.: Ársreikningur 2022.**

*Lagt fram til kynningar.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 21:19.

